




Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð



Efni: Tillaga varðandi úrræði vegna stuðnings við nemendur með fjölþættan vanda

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. febrúar 2018 var lögð fram eftirfarandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 26. febrúar 2018, auk þess lögð fram skýrsla starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda, dags. 1. janúar 2018; minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 23. febrúar 2018, um umsagnir vegna tillagna starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda; umsögn Félags skólastjórnenda í Reykjavík, dags. 31. janúar 2018; umsögn stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur, ódags; umsögn velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 29. janúar 2018; umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, ódags og tölvubréf velferðarsviðs með bókun velferðarráðs, dags. 11. febrúar 2018:

Lagt er til að starfrækt verði tvö farteymi og tvö skólasel vegna nemenda með alvarlegan fjölþættan vanda í grunnskólum borgarinnar frá og með 1. ágúst 2018. Hvort farteymi og skólasel myndar samhæfða starfseiningu og hefur sameiginlega starfsstöð. Teymin hafi það hlutverk að starfa innan skólanna, vinna með nemandanum, aðstoða og handleiða kennara og starfsfólk. Áhersla er á vinnu með mál nemenda í daglegum bekkjaraðstæðum en í undantekningartilvikum geti vinna með nemanda farið fram utan skólastofunnar/skólans í nærumhverfi nemandans eða í skólaseli.

Greinargerð fylgdi.

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var samþykkt og vísað til borgarráðs. Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata fagna því að starfrækt verða tvö farteymi og tvö skólasel frá og með 1. ágúst næstkomandi til að koma til móts við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda, alvarlegan hegðunarvanda eða geðraskanir. Vinna undanfarinna missera hefur leitt í ljós mikla þörf fyrir ný og bætt úrræði fyrir þennan hóp nemenda. Tillagan sem samþykkt var í dag er hluti af viðbrögðum borgarinnar við ábendingum grunnskólakennara í vinnu um bætt starfsumhverfi þeirra þar sem óskað var eftir nýjum úrræðum í skólaumhverfinu til að mæta þörfum barna með fjölþættan vanda. Úrræðið byggir á því að bjóða snemmtæka íhlutun, þverfaglegan og samræmdan stuðning og samstarf við kennara og viðkomandi

starfsfólk beint inn á vettvang skóla- og frístundastarfs frekar en að leggja áherslu á utanaðkomandi ráðgjöf eða taka barnið úr sínum heimaskóla. Unnið verður í daglegu bekkjarstarfi en í undantekningartilvikum getur verið um tímabundið inngrip að ræða sem fari fram utan skólans, í nærumhverfi nemandans eða í skólaselum. Gert er ráð fyrir öflugum samstarfi milli foreldra, sérfræðiteymis og skólans sem byggir samt ofan á reynslu sem nú þegar er til staðar eins og í Brúarskóla og skólaþjónustunni.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina fagnar stofnun tveggja átta manna farteyma sérvaldra sérfræðinga til að veita aðstoð og handleiðslu í skólum borgarinnar varðandi nemendur með alvarlegan fjölþættan vanda, oft á tíðum tengdum miklum hegðunar- og samskiptavanda. Samhliða virkjun farteymanna verður einu skólaseli bætt við það eina sem fyrir er. Hér er um að ræða nýung þar sem leitast er við að virkja mannauð skólanna enn frekar og einstaklingar í þverfaglegu farteymunum vinna þá náíð með kennurum og starfsfólki skólanna og með samhæfðum kröftum sinna þá nemendum í alvarlegum vanda í allt að 6 – 8 vikur og hafa þá möguleika á að vinna sérstaklega með 3 – 4 nemendum í skólaseli. Faglegu farteymin geta sinnt nokkrum skólum samhliða og nýting sérhæfingu starfsmanna teymanna nýtist þannig sem best þegar þeir dreifast eftir eðli vanda nemenda á milli skóla. Brýnt er að farteymin taki til starfa nú á vorönn 2018. Áriðandi er að samhliða því verði tryggt aukið aðgengi að starfsstöð í anda Brúarskóla þegar vandi nemenda er alvarlegri en svo að sýnt er að skólasel henti þeim.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:


Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja fyrirliggjandi tillögu þar sem hún felur í sér aukinn stuðning við grunnskólanemendur sem glíma við fjölþættan vanda. Flest bendir þó til að sá stuðningur muni hvergi nærri duga eins og komið hefur fram í umræðum hér á fundinum sem og í umsögnum um tillöguna. Í umsögn Félags skólastjórnenda í Reykjavík segir að umræddar tillögur nái ekki að koma til móts við þann hóp grunnskólanemenda sem er í mestum vanda. Í umsögn stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur segir að farteymi séu ekki góð leið til að vinna með nemendur í miklum vanda. Vandamálin verði ekki leyst með ráðgjöf og handleiðslu til kennara, heldur með markvissri vinnu með nemendum, oft þar sem þeir eru teknir úr aðstæðum. Einnig þurfi að „hvíla bekk“, sem í langan tíma hafi tekist á við mikla erfiðleika nokkurra nemenda. Frístundaheimili gegna afar mikilvægu hlutverki í skóla- og frístundastarfi og því skal tekið undir álit framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, sem harma að fulltrúi þeirra hafi ekki átt sæti í umræddum starfshópi. Þá gagnrýnir velferðarsvið að lítil áhersla sé á samþættingu og þverfaglega samvinnu ólíkra aðila, annarra en innan sjálfs grunnskólans. Lítil áhersla sé á að nýta, virkja og endurskipuleggja þá þjónustu og úrræði sem fyrir eru. Verkaskipting sé óljós og hætta á tvíverknaði sem og lengri úrvinnslutíma. Athugasemd er og gerð við óljóst orðalag í tillögunni. Skólasel hefur verið starfrækt í Breiðholti frá árinu 2008 og felur tillagan því einungis í sér stofnun annars skólasels sem ætlað er að sinna vesturhluta borgarinnar. Þá felur tillagan í sér stofnun tveggja svokallaðra farteyma en á móti kemur að fardeild í Grafarvogi verður lögð niður.

Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra fagnar að nú sé komin tillaga að aðgerðum og skipulagi úrræða

vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri og vonast til að farneymin og skólaselin muni gagnast vel þeim grunnskólabörnum og fjölskyldum sem eiga við mestan vanda að stríða. Áheyrnarfulltrúi hagnar að ekki hafi verið leitað eftir umsögn samtaka foreldra grunnskólabarna, á sama hátt og skólastjórnenda, kennara og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og bendir á mikilvægi þess að leita eftir álitum þeirra sem eiga að njóta þjónustunnar, foreldra og barna, að þeim sé veitt aðkoma að þegar unnið er að úrbótum á þjónustu sem þá varðar.

Virðingarfyllst


Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 26. febrúar 2018

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 23. febrúar 2018

Umsögn Kennarafélags Reykjavíkur, ódags.

Umsögn velferðarsviðs, dags. 29. janúar 2018

Umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva, dags. 11. febrúar 2018

Bókun velferðarráðs, dags. 11. febrúar 2018

Umsögn Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík, dags. 31. janúar 2018



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs varðandi farteymi og skólasel

Lagt er til að starfrækt verði tvö farteymi og tvö skólasel vegna nemenda með alvarlegan fjölpættan vanda í grunnskólum borgarinnar frá og með 1. ágúst 2018. Hvort farteymi og skólasel myndar samhæfða starfseiningu og hefur sameiginlega starfsstöð. Teymin hafi það hlutverk að starfa innan skólanna, vinna með nemandanum, aðstoða og handleiða kennara og starfsfólk. Áhersla er á vinnu með mál nemenda í daglegum bekkjaraðstæðum en í undantekningartilvikum geti vinna með nemanda farið fram utan skólastofunnar/skólans í nærumhverfi nemandans eða í skólaseli.

Greinargerð

Tillagan er m.a. sett fram með hliðsjón af niðurstöðum í skýrslu Auðar Árnýjar Stefánsdóttur þar sem fram kemur að skólastjórnendur álíta að snemmtæk íhlutun vegna óæskilegrar hegðunar sé bæði nauðsynleg og árangursrík. Þeir telji skólana geta snúið óæskilegri hegðun flestra nemenda til betri vegar ef hæft starfsfólk er til staðar, starfsfólk með fjölpætta menntun og bakgrunn. Þá er tillagan einnig sett fram samkvæmt niðurstöðu starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölpættan vanda og í ljósi umsagna frá Félagi skólastjórnenda í Reykjavík, Kennarafélagi Reykjavíkur, framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva og velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Hugmyndin að baki farteymanna er af sama toga og að baki MST sem er meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fyrir fjölskyldur barna sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda á mörgum sviðum. MST fer fram á heimili fjölskyldunnar og gerir þá kröfu að barnið búi áfram á heimilinu. Það snýr að öllu nærumhverfi barnsins og er aðlagð að þörfum hvernar fjölskyldu. Á sama hátt fer Farteymi inn í skóla nemandans og vinnur að því að hann haldi áfram skólagöngu í skólanum. Vinnan snýr að öllu nærumhverfi nemandans, er aðlöguð að þörfum hans og aðstæðum í hverjum skóla. Í undantekningartilvikum getur komið upp sú staða að nemandinn fari tímabundið í úrræði utan skólans, í nærumhverfi eða skólaseli. Það er gert í þeim tilvikum þar sem þarf að skapa börnum nýtt umhverfi í þeim tilgangi til að rjúfa atburðarás sem er í gangi.

Starfshættir farteyma/skólaselja

1. Starfsstöðvar teymis/skólasels verði í sitt hvorum borgarhluta, önnur austan Elliðaána og hin vestan.

2. Í hvoru teymi/skólaseili verði samtals 8 stöðugildi starfsmanna, þar af a.m.k. ½ stöðugildi deildarstjóra.
3. Teymin verði þverfagleg og í þeim starfi sérmenntaðir starfsmenn s.s. á vettvangi kennslu, frístundastarfs, sálfræði, atferlisþjálfunar og þroskaþjálfunar.
4. Teymin starfi sem sjálfstæðar einingar en heyra undir sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.
5. Hvort far-teymi forgangsraðar og annast inntöku í það skólaseil sem tilheyrir teyminu.
6. Sérstakt fagráð fer með yfirstjórn far-teymanna/skólaseilja og eiga sæti í því deildarstjórar teymanna, starfsmaður fagskrifstofu grunnskólamála, starfsmaður fagskrifstofu frístundamála, skólastjóri Brúarskóla, skólastjóri almenns grunnskóla í borginni og deildarstjóri skólaþjónustu þjónustumiðstöðvar. Starfsmaður fagskrifstofu grunnskóla eða frístundamála fer fyrir teyminu og ber ábyrgð á að kalla það saman. Fagráðið fundar reglulega, þrisvar til fjórum sinnum á skólaári og skilar sviðsstjóra greinargerð um starfsemi teymanna í júní ár hvert.

Fagráðið:

- a. sér um ráðningar í teymin
- b. hefur umsjón með starfsemi teymanna.

Fagráð verði stofnað í mars 2018. Fyrstu verkefni fagráðsins séu að ráða starfsmenn teymanna og skilgreina og formgera samstarf far-teymis og skólaþjónustu þjónustumiðstöðva borgarinnar þar sem fram komi aðkoma hvors aðila að málum bæði á hvaða stigi máls hvor aðili kemur að og hvaða hlutverki hvor aðili gegnir í máli.

7. Sérfræðingar teymanna koma skólum til handleiðslu og aðstoðar þegar upp koma alvarleg tilvik hegðunarvanda einstakra nemenda sem skólanum hefur ekki tekist að finna lausn á með aðkomu ráðgefandi aðila, s.s. lausnateymis skólans og hegðunarráðgjafa skólaþjónustu. Um er að ræða:
 - a. nemendur sem beita alvarlegu ofbeldi
 - b. nemendur sem valda alvarlegri röskun á skólastarfi.
8. Far-teymin vinna í samráði og samstarfi við aðra aðila sem hafa haft aðkomu að máli viðkomandi nemanda s.s. frístundaheimili, félagsmiðstöð, skólaþjónustu, Barnavernd, Brúarskóla og BUGL.
9. Far-teymin setja sér starfsreglur í samráði og samstarfi við fagráð, sem m.a. kveða á um skráningu mála, meðferð persónuupplýsinga, forgangsröðun mála og samstarf sín á milli og við fagráð.

Verkferill far-teymis við vinnslu mála

1. Skólastjóri og/eða skólaþjónusta, í samvinnu við foreldra, sendir deildarstjóra far-teymis skriflega beiðni um aðkomu þess að málinu ásamt grunnupplýsingum um viðkomandi mál s.s. um fyrri aðkomu lausnateymis og hegðunarráðgjafa.
2. Deildarstjóri ásamt sérfræðingum far-teymis meta á grundvelli grunnupplýsinga, aðkomu annarra ráðgefandi aðila og árangur þeirrar vinnu hvort málið fari í vinnslu teymisins.
3. Sé ekki teymi starfandi í skólanum um viðkomandi nemanda stofnar skólastjóri til slíks teymis þeirra sem að máli nemandans koma, s.s. foreldra, umsjónarkennara, sérkennara, fulltrúa frístundaheimilis, félagsmiðstöðvar og skólaþjónustu.
4. Sérfræðingur far-teymis upplýsir skólateymið um aðkomu far-teymisins og verklag varðandi viðkomandi mál. Skólateymið tryggir að viðkomandi nemandi sé upplýstur um aðkomu far-teymis og vinnslu máls eins og hæfir aldri hans og þroska.
5. Sérfræðingar far-teyma vinna að mestu úti í skólum á vettvangi nemenda og starfsfólks skólanna.

Verklag sérfræðinga far-teyma er að:

- a. skoða viðkomandi nemanda og aðstæður hans í daglegum aðstæðum í skólastarfinu og í frístundastarfi ef við á
 - b. kynna sér eins og kostur er viðhorf, líðan og sjónarmið nemandans og foreldra ásamt fyrirbyggjandi gögnum um vinnslu málsins á fyrri stigum og skólaferil nemandans
 - c. vinna áætlun með viðkomandi kennara/kennurum að viðbrögðum við vanda nemandans til að minnsta kosti fjögurra vikna
 - d. handleiða og aðstoða viðkomandi kennara við innleiðingu áætlunarinnar í aðstæðum nemandans og kennarans
 - e. meta reglulega með kennara/starfsfólki skólans árangur af viðbrögðum og aðlaga áætlunina í samræmi við matið
 - f. fylgja eftir málum eftir að eiginlegri handleiðslu lýkur
 - g. vera í samstarfi við þá aðila sem hafa komið að máli nemandans eða þurfa að koma að máli hans.
6. Áhersla er á að vinna með mál nemanda í daglegum bekkjaraðstæðum inni í viðkomandi skóla. Í undantekningartilvikum getur mál verið unnið tímabundið utan skólastofu/skóla nemanda með samráði við og samþykki foreldra.
 7. Bein vinnsla og eftirfylgd mála hjá farteymi getur tekið til allt að 12 vikna.
 8. Náist ekki árangur í máli er því vísað í viðeigandi farveg í samvinnu við foreldra og viðkomandi skólastjóra, fagráð, Barnavernd og skólaþjónustu. Sé ráðgert að sækja um skólavist í Brúarskóla kallar farteymi til ráðgjafarteymi Brúarskóla, sem metur með skólateymi hvort Brúarskóli sé rétt úrræði fyrir viðkomandi nemanda.
 9. Við lok aðkomu farteymis vinnur sérfræðingur teymisins í samvinnu og samstarfi við viðkomandi skóla, kennara og stjórnendur lokamat um málið og skilar því til skólateymi. Skólateymi tekur ákvörðun um áframhaldandi vinnslu máls og felur sérfræðingi innan skólans, hegðunarráðgjafa eða öðrum sérfræðingi skólaþjónustu eftirfylgd málsins.

Kostnaður við rekstur farteyma/skólasels

Fjármögnunin á verkefnum miðast því við að viðbótin sem ákveðin var varðandi skólaselin kr. 100.800.000 fyrir skólarárið 2018 fari í verkefnið. Kostnaður vegna núverandi skólasels í Breiðholti, sem verið fjármagnað af skóla- og frístundasviði, færast yfir á þetta verkefni. Þá er miðað við að fardeildin í Grafarvogi verði einnig færð undir þetta verkefni.

Fjármögnun	2018	2019
Skólasel alla borgarhluta viðauki	100.800	100.800
Skólaselið	10.500	25.200
Fardeildin	6.917	16.600
Samtals	118.217	142.600

Ekki er búið að finna húsnæði fyrir þetta verkefni, því er kostnaðurinn áætlaður fyrir þeim hluta. Launahlutinn er miðaður við ákveðin meðallaun starfsheita. Annar rekstrarkostnaður er óljós en gert er ráð fyrir því að hann verði meiri 2018 en 2019 vegna stofnkostnaðar. Kostnaður við rekstur tveggja farteyma/skólaselja rúmast því innan fjárheimilda sviðsins.



Reykjavík 23. febrúar 2018

SFS2017090263

134. fundur

HG/hl

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsagnir vegna tillagna starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda

Starfshópur um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda skilaði skýrslu sinni og tillögum í janúar sl. Tillögur hópsins voru að horfið yrði frá stofnun skólaselja í öllum hverfum en í stað þess yrði stofnað til tveggja farteyma sem kæmu að málum í öllum skólum borgarinnar með markvissri handleiðslu og ráðgjöf. Í kjölfarið var óskað eftir umsögnum um tillögurnar frá Félagi skólastjórnenda í Reykjavík, Kennarafélagi Reykjavíkur, framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva og velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Allir umsagnaraðilar skiluðu inn umsögn um tillögurnar. Helstu áherslur umsagna ofangreindra aðila eru:

Félag skólastjórnenda í Reykjavík:

Úrræðið er góð viðbót en telja ekki að það muni ná að koma til móts við þann hóp nemenda sem í mestum vanda er. Vegna þeirra nemenda þurfi að finna önnur úrræði. Stjórn félagsins lýsir sig tilbúna til að koma að rýnivinnu sem miðar að lausnum.

Kennarafélag Reykjavíkur:

Telja farteymi ekki góða leið til að vinna með nemendur í miklum vanda og að vandinn verði ekki leystur með ráðgjöf og handleiðslu. Markvissa vinnu þurfi með nemendum, oft utan aðstæðna. Telja skólasel betri leið.

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva:

Harma að fulltrúi frístundamiðstöðva hafi ekki verið kallaður til í starfshópinn og að tillögurnar einkennist af áherslu á grunnskólastarf. Tryggja þurfi að fulltrúi frístundastarfs sé hluti af lausnateymum skóla og að í farteymunum muni eiga sæti sérfræðingar á vettvangi frístundastarfs.

Velferðarsvið:

Gagnrýnt er að lítil áhersla sé á samþættingu og þverfaglega samvinnu ólíkra aðila annarra en skólans. Lítil áhersla sé á að nýta, virkja og endurskipuleggja þá þjónustu og úrræði sem fyrir

eru og tenging við þau sé óljós. Ekki sé gert ráð fyrir styrkingu foreldra, hlutverki frístundamiðstöðva, aðkomu nemendaverndarráða, verkaskipting sé óljós og hætta á tvíverknaði og lengri úrvinnslutíma. Telja að skorti á faglega röksemdafærslu. Lýsa sig jafnframt reiðubúin til að taka þátt í frekari vinnu og útfærslu með endurskipulagningu þjónustunnar.

Skóla- og frístundasvið

c/o Helgi Grímsson

Borgartúni 12 – 14

105 Reykjavík

Efni: Umsögn stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur um tillögur starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda

Með bréfi dagsettu 16. janúar 2018 frá skóla- og frístundasviði var stjórn Kennarafélags Reykjavíkur beðin um umsögn á vinnu starfshópsins. Stjórnin fékk þau Hrund Logadóttur og Helga Viborg sem í hópnum voru á fund 7. febrúar síðastliðinn til að kynna tillögur starfshópsins og svara spurningum stjórnarmanna.

Eftir þær umræður og lestur á skýrslu starfshópsins er það niðurstaða stjórnar Kennarafélags Reykjavíkur að farneymi séu ekki góða leið til að vinna með nemendur sem eru komnir í mikinn vanda. Fardeildin sem nú er starfandi í Grafarvogi hefur meðal annars boðið upp á svipuð úrræði sem hafa ekki nýst sem skildi. Vandinn hefur ekki verið leystur og verkefnin sem lenda á kennurum verða bara fleiri. Í skýrslu starfshópsins stendur að farneymin muni m.a. aðstoða og handleiða kennara og starfsfólk. Vandamálin verða ekki leyst með ráðgjöf og handleiðslu til kennara heldur með markvissri vinnu með nemendum, oft þar sem þeir eru teknir úr aðstæðum. Einnig þarf stundum að hvíla bekkir sem í langan tíma hafa tekist á við mikla erfiðleika nokkurra nemenda.

Stjórnin telur betri leið vera að bjóða upp á skólasel eins og áður hafði verið ákveðið þar sem þau hafa reynst vel til að mynda í Breiðholti. Einnig telur stjórnin að leggja þurfi fjármagn í að bæta námsver og sérkennslu inni í öllum skólum. Í dag eru það oft ófaglærðir einstaklingar sem vinna með börnin með mestan vanda. Ef vel er búið að skólunum varðandi þessa hluti þá er frekar verið að grípa inn í aðstæður og fyrirbyggja að vandinn verður of stór og illviðráðanlegur.

Fardeildir eins og starfshópurinn leggur til getur nýst vel sem snemmtæk íhlutun en ekki til að taka á þeim stóru erfiðu málum sem hafa safnast upp í skólum Borgarinnar á undanförunum árum.

Virðingarfyllst,

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 29. janúar 2018
VEL2018010024
324. fundur
RÁ/kg

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. febrúar 2018

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: *Umsögn um „Tillögur starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölbættan vanda“ skv. beiðni dags. 16. janúar 2018.*

Forsaga: Fram kemur í tillögum starfshópsins að hann sé stofnaður í framhaldi af kynningu á nýju úthlutunarlíkani hjá SFS, þar sem m.a. var gert ráð fyrir „Skólaseli“ í öllum hverfum borgarinnar. Hlutverk starfshópsins var að skoða skipulag, virkni og reynslu af þeim úrræðum sem fyrir eru og móta tillögur að nýju skipulagi þeirra.

Umsögn: Velferðarsvið fagnar því að leggja eigi aukið fé til stuðnings barna með fjölbættan vanda um leið og hugað er að því að endurskipuleggja þjónustuna við þau.

Í tillögum starfshópsins koma fram ýmsar gagnlegar hugmyndir og áherslur að mati velferðarsviðs. Það er þó áberandi í tillögunum, hve lítil áhersla er á og lítið rætt um, samþættingu og þverfaglega samvinnu ólíkra aðila sem koma að lífi þessara barna, annarra en skólans og einnig hve lítil áhersla er á að nýta, betrubæta, virkja og endurskipuleggja þá þjónustu og þau úrræði sem fyrir eru. Það er gott að sjá áherslu starfshópsins á mikilvægi verkaskiptingar og þrepaskiptingar í þjónustunni, en slík þjónustukeðja er ekki vel sýnileg í niðurstöðum og tillögum hópsins.

Það erum einkum fjögur atriði sem velferðarsvið gerir athugasemdir við í tillögunum.

1. Óljós tenging er við þau úrræði og þjónustu sem fyrir er og einnig virðist ekki tekið tillit til þeirrar þjónustu sem þegar er til staðar. Þannig er líklegt að tillögurnar auki á tvíverknað í kerfinu í stað þess að einfalda ferlið og skýra það. Tekin er sú afstaða að nýta fjármagnið frekar til þess að setja á laggirnar nýja þjónustugátt í staðinn fyrir úrræði í lok þjónustukeðjunnar eins og Skólasela. Þessi þjónustugátt á að starfa við hlið þeirrar þjónustugáttar sem skólaþjónusta þjónustumiðstöðvanna er og vinna á mjög áþekktum grunni og á margan hátt að sinna sömu verkefnum og nú þegar eru unnin hjá skólaþjónustunni. Þ.e. að formgera og samhæfa samstarf þjónustuaðila eins og BR, BUGL, heilsugæslu, lögreglu ofl. eins og fram kemur í kafla 5, einkum undir lok hans. Það sama á við um nánast alla liðina a) til g) í undirkafla 5 um „verkferil Farteymis við vinnslu mála“ í kafla 4.

2. Í tillögunum er of lítið tillit tekið til annarra þátta í lífi og umhverfi barna sem áhrif hafa á líðan þeirra, þroska og félagslega styrkingu. T.d. foreldra og frístundastarfs. Þannig er ekki rætt hvernig hægt er og eigi að standa að styrkingu og örvun foreldra í foreldrahlutverkinu eða um mikilvægan þátt og hlutverk frístundamiðstöðvanna í að skapa félagslega uppbyggilegt og félagsmótandi umhverfi barna og unglinga. Þá er ekki gert ráð fyrir aðkomu hinna lögbundnu nemendaverndarráða eða rætt um hvar þau eigi heima í þeirri þjónustukeðju sem á að mynda.
3. Í tillögunum skortir á nægileg rök fyrir þeirri tillögu að leggja niður Skólaselið í Breiðholti og hætta við uppbyggingu Skólasela í öllum hverfum borgarinnar, eins og upphafleg tillaga gerir ráð fyrir. Einnig skortir á fagleg og réttlæt看leg rök fyrir því að Farteymi geti komið í stað Skólasela eða muni nýtast börnunum betur en Skólasel. Þá skortir á útfærslu á því, hvernig hin þrepaskipta þjónusta á að virka sem augljós og auðskilin þjónustukeðja. Gildir það bæði um þá sem veita eiga þjónustuna og einnig um þá sem eiga að þiggja hana.
4. Með því að búa til nýjan aðgang að sérfræðiþjónustu til hliðar við þá sérfræðiþjónustu sem þegar er til, er mikil hætta á því að það verði óljóst fyrir skólastjórnendum og foreldrum hvenær rétt sé að leita til skólaþjónustunnar sem þjónustumiðstöðvar veita og hvenær til Farteyma. Verkefni beggja aðila eru þau sömu eða svipuð. Líklegt er því að skólar leiti til beggja aðila í von um skjótari úrlausn. Hættan er sú að tvíverknaður og óljós verkaskipting leiði hins vegar til enn lengri úrvinnslutíma.

Niðurstaða: Til þess að ná áherslum og markmiðum starfshópsins eins og þau birtast í kafla 3, þarf að byggja á þeirri þjónustu sem þegar er veitt, með endurskipulagningu eða breytingum á henni í stað þess að leggja til nýja uppbyggingu við hlið hennar. Allar breytingar og tillögur þurfa að vera faglega rökstuddar og sýna fram á að þjónustan og úrræðin muni nýtast nemendum, foreldrum og skólum. Uppbygging þjónustukeðjunnar þarf að vera það skýr og auðskilin, að enginn, hvorki þjónustuveitendur né þjónustuþegar, velkist í vafa um hvernig keðjan byrjar eða endar eða hvernig hún virkar.

Velferðarsvið lýsir sig reiðubúið til að taka þátt í frekari vinnu og útfærslu með endurskipulagningu þjónustunnar. Mikilvægt er þó að tryggt sé að sú tillaga sem lögð er fram um stofnun Farteyma leiði til bættrar þjónustu til nemenda, foreldra og skóla.

Skýrsla starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda – Janúar 2018

Umsögn framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva

Framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva harma að ekki hafi í starfshópnum verið fulltrúi frístundamiðstöðva þar sem verkefni starfshópsins var m.a. að móta tillögur um samræmd úrræði vegna nemenda með fjölþættan vanda í hverfum og borginni í heild en frístundastarf er ekki síður en skólastarf mikilvægur þáttur í daglegu lífi barna.

Skýrslan einkennist af því að hún er skrifuð með grunnskólastarf í huga og því mikilvægt að huga að eftirfarandi:

1. Tryggja þarf að fulltrúi frístundaheimilis eða félagsmiðstöðvar (eftir því sem við á hverju sinni) séu hluti af lausnateymi hvers grunnskóla.
2. Mikilvægt er að tryggja að þegar skóla- og frístundasvið fjallar um aðgerðir vegna barna í alvarlegum vanda að horft sé heildstætt á dag barnsins, bæði skóla- og frístundastarf.
3. Í skýrslunni er lögð áhersla á að farteymin verði þverfaglegt og í þeim sitji sérmenntaðir starfsmenn. Lagt er til að þar starfi sérfræðingur/-ar á vettvangi frístundastarfs sem hefur þá m.a. það hlutverk að vera tengiliður við starfsfólk sem starfar í félagsmiðstöð/frístundaheimili.
4. Í skýrslunni er lagt til að stofnaður verði annar starfshópur sem ætlað er að endurskoða „Verkagsreglur um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins vegna grunnskólanema með fjölþættan vanda með tilliti til heildarsýnar yfir dag barnsins í skóla og frístund og þrepaskiptrar ráðgjafarþjónustu“ (bls. 15). Tryggja verður að fulltrúi frístundastarfsins verði þátttakandi í starfshópnum.

Framkvæmdastjórum og öðru starfsfólki frístundamiðstöðva finnst mikilvægt að unnið sé í þágu barnanna í borginni. Þessir aðilar lýsa yfir fullum samstarfsvilja varðandi málefni þeirra barna sem þurfa stuðning eða sértæk úrræði, eftir því sem við á hverju sinni. Mikilvægi góðs samstarfs og upplýsingaflæðis milli þeirra aðila sem starfa með börnum í skóla- og frístundastarfi verður seint of oft ítrekað.

Frá: Kristjana Gunnarsdóttir

Sent: sunnudagur, 11. febrúar 2018 21:46

Til: Helgi Grímsson <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; Helgi H Viborg <helgi.viborg@reykjavik.is>

Efni: Bókun velferðarráðs v. umsagnar um skýrslu starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda

1. Lagðar fram tillögur starfshóps skóla- og frístundasviðs, dags. janúar 2018, um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda.

Velferðarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikill vilji hefur verið til þess í velferðarráði að efla samstarf og samvinnu milli skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs vegna heildstæðs stuðnings við börn með fjölþættan vanda. Sérstakur brúarsmiður hefur verið ráðinn til að efla samvinnu milli sviðanna. Velferðarráð telur mikilvægt að velferðarsviði sé boðið að taka þátt í frekari vinnu við endurskipulagningu þjónustunnar þannig að hún verði heildstæð og nýtist börnum með fjölþættan vanda og fjölskyldum þeirra sem best. Mikilvægt er að tryggt sé að sú tillaga sem lögð er fram um stofnun farteyma leiði til bættrar þjónustu til nemenda, foreldra og skóla.

Helgi Viborg, sérfræðingur á skóla- og frístundasviði, og Guðlaug Erla Gunnardóttir, skólastjóri Ingunnarskóla, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Kv.

Kristjana

Kristjana Gunnarsdóttir

Skrifstofustjóri ráðgjafarþjónustu/Office Manager

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

City of Reykjavik, Department of Welfare

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Reykjavík 31.janúar 2018

Skóla- og frístundasvið

c/o Helgi Grímsson

Umsögn um tillögur starfshóps um skipulag úrræða vegna stuðnings við nemendur á grunnskólaaldri með fjölþættan vanda.

Neðangreind umsögn er viðbrögð við bréfi dagsettu 16.janúar þar sem óskað er viðbragða Félags skólastjórnenda um umræddar tillögur:

Stjórn Félags skólastjórnenda í Reykjavík telur tillögurnar vera góða viðbót í úrræðabanka Reykjavíkurborgar þegar kemur að stuðningi við þá nemendur sem glíma við fjölþættan vanda. Hugmyndafræðin er byggð á lausnarmiðaðri nálgun og í anda skóla án aðgreiningar og miðar að því að aðstoða skólana og starfsfólk þeirra inni á gólfi og í þeim aðstæðum sem eru í námsumhverfinu.

Verkferill sá sem kemur fram í skýrslunni er greinargóður og gefur fyrirheit um aukið aðgengi að úrræðum sem eru á forræði skólaþjónustu og barnaverndar í dag. Mjög mikilvægt er að þau fyrirheit nái fram að ganga og lykilatriði er að ferillinn sé skilvirkur og hraður því þannig er líklegast að árangur náist á þeim forsendum að styðja skóla í þeim krefjandi aðstæðum sem eru í starfi með börnum með fjölþættan vanda.

Stjórnin telur að tillögurnar taki vel á ákveðnum þáttum sem Auður Árný Stefánsdóttir ræðir um í skýrslu sinni „Skýrsla um athugun vegna nemenda sem trufla verulega skólastarf vegna hegðunar“ og þá sér í lagi er kemur að snemmtækri íhlutun er kemur að málefnum nemenda með fjölþættan vanda og mikilvægi samræmdrar stefnumótunar í borginni.

Mjög mikilvægt er að þetta úrræði (jöfnun) verði ekki til þess að skerða önnur úrræði sem nú eru í gangi í Reykjavík og taka á fjölþættum vanda í ákveðnum hverfum borgarinnar heldur verði hrein viðbót við þjónustu við þann hóp. Mjög mikilvægt er að samtal verði viðhaft við skólastjórnendur þeirra hverfa sem að hafa búið til viðbragðúrræði innan hverfa.


Jafnframt því að stjórnin telur umræddar tillögur geta komið til móts við ákveðinn hluta þess hóps sem Auður Árný talar um í sinni skýrslu en að þær muni ekki ná að koma til móts við þann hóp nemenda í skólum borgarinnar sem í mestum vanda eru. Það er mat stjórnarinnar að þar þurfi að finna aðra nálgun en er að finna í tillögum hópsins. Sú nálgun miðist að því að finna önnur úrræði fyrir þau börn sem skólar hafa verið að reyna að koma til móts við með öllum tiltækum ráðum bæði innan skólastofunnar og í gegnumstreymisúrræðum sem eru sannanlega í gangi í mörgum skólum borgarinnar.

Stjórnin skorar á Skóla- og frístundasvið að horfa nú enn frekar til þessa hóps þar sem að mat okkar er að þessar tillögur sem um er rætt muni draga úr þjónustubörf hluta þess hóps sem rætt er um í skýrslu Auðar en ekki þyngsta hóp þeirra nemenda sem búa við fjölþættan vanda.

Hvort hægt er að rýna í stöðu þess hóps af starfsmönnum Skóla- og frístundasviðs eða með því að stofna nýjan starfshóp teljum við farsælast að sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs ákveði þann feril og horfi þá til einstakra nemenda og þeirra skóla sem þeir sækja.

Stjórnin lýsir fyrir hönd félagsins sig tilbúið til að koma að rýnivinnu fyrir þann hóp sem miðar að lausnum í anda þeirra tillagna sem við gefum þessa umsögn um.

F.h. Félags skólastjórnenda í Reykjavík,



Magnús Þór Jónsson